**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**
**nr. 111/2000**

**frá 22. desember 2000**

**um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)**
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2000 frá 2. ágúst 2000([1]).

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB frá 6. júní 2000 um tæknilegt eftirlit á vegum með akstursfæfni vöruflutningabifreiða í bandalaginu([2]) skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 17f (tilskipun ráðsins 1999/36/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„17g. **32000 L 0030:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB frá 6. júní 2000 um tæknilegt eftirlit á vegum með akstursfæfni vöruflutningabifreiða í bandalaginu (Stjtíð. EB L 203, 10.8.2000, bls. 1).“

---

([1]) Stjtíð. EB L 250, 5.10.2000, bls. 51 og EES-viðbætir við Stjtíð. EB nr. 44, 5.10.2000, bls. 4.
([2]) Stjtíð. EB L 203, 10.8.2000, bls. 1.

*2. gr.*

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/30/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 23. desember 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.*

Gjört í Brussel 22. desember 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*
*Formaður*

*G. S. Gunnarsson*

*Ritarar*
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P. K. Mannes* *E. Gerner*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.